

Aðalfundur Vina Kópavogs 2024

VINIR KÓPAVOGS

Haldinn í Skátaheimili Kópa að Bakka í Kópavogsdal, kl. 18:00 fimmtudaginn 30. maí



FUNDARGERÐ, staðfest af fundarstjóra¹ og 6. nóvember á fundi stjórnar VK.

18:00 Setning aðalfundar

Formaður VK Ólafur Björnsson setti fundinn og lagði til að Hreiðar Oddsson yrði fundarstjóri og Tryggvi Felixson ritari. Það var samþykkt. Tók Hreiðar við stjórn fundarins.

Hákon Gunnarsson greindi frá skýrslu um heildarsýn fyrir Kópavogsdal. Hann lýsti aðdraganda og vinnu starfshóps sem vann að málinu. Hagaðilum var boðið að koma með lýsingu á þörfum sínum og Kópavogsbúum almennt að leggja fram hugmyndir. Þátttaka var nokkuð góð. Niðurstöður voru greindar í nokkra megin flokka; afþreying og útvist, náttúruvernd og íþróttir. Megin niðurstaðan er að „Kópavogsdalur skal vera paradís og kjörsvæði fyrir lífríkið. Ekki verði gengið á grænu svæðin í dalnum.“ Mikilvægt verkefni er að endurreisa Kópavogslæk. Smárahvammsvöllur var sérstaklega tekinn fyrir og skilgreindur sem hjarta dalsins. Hugmynd hefur komið fram um að halda árlega „Dag Kópavogsdals“. Þá er lagt til að sorpureiturinn verði austurinnangangur í Dalinn og að fara í hugmyndsamkeppni um hvernig það yrðir útfært. Íþróttasvæðið verði þróað í góðu samstarfi við Breiðablik og hagaðila.

Frímenn Inga Helgason sagði sögur um Kópavogsdal. Að fortíð skal hyggja þegar framtíð skal byggja. Hann deildi mynd sem sýnir dalinn 1954 og kallaði það vegabréf. Hann greindi frá ýmsum sögulegum minjum við lækinn við og í grennd við lækinn. Það koma greinilega fram að svæðið er ríkt af sögu.

Bæjarfulltrúar VK þau Helga Jónsdóttir og Kolbeinn Reginsson greina stuttlega frá stöðu bæjarmála.

Helga lýst því að það hafi oft verið „átakapólitík“ í bæjarstjórn. Það flæki málin að hafa pólitískan bæjarstjóra, oddvita eins flokksins, sem jafnframt er framkvæmdastjóri „allra“ bæjarfulltrúa og bæjarbúa. Gleðilegir hlutir gerist auðvitað af og til og dæmi um það er nýlegur samráðsfundur um rammaskipulag fyrir vestur hluta Kársness. Skýr skilaboð komu fram á fundinum að gæta að ákveðnum náttúrugæðum og svæðum í bænum sem hafa mikið gildi fyrir bæjarbúa. Helga er ánægð með vinnu um heildarsýn fyrir Kópavogsdal og sú vinna sannar að minnihluti og meirihluti geta náð sameiginlegri niðurstöðu ef rétt er staðið að verki. Hefur gagnrýnt ýmislegt í starfsháttum í bæjarmálum og sjálf verið gagnrýnd fyrir það. Helga segir gagnrýni sína þó alltaf hafa verið vel rökstudda. Hún bindi vonir við að eitt og annað sé komið í betri farveg eða á leið til betri vegar.

Kolbeinn sagði frá atviki þegar lækurinn í Kópavogsdal varð skyndilega hvítur í nokkra daga. Fyrir hans frumkvæði voru tekin efnasýni og þau sýna alvarlega mengun, líka með þrávirkum efnem. Það berst

¹ **Fra:** Hreiðar Oddsson <hreidaro@kopavogur.is>

Sendt: 4. júní 2024 13:11

Til: tryggvifel <tryggvifel@gmail.com>

Emne: Re: Aðalfundur Vina Kópavogs 2024 FUNDARGERÐ

Geri ekki athugasemdir

ýmislegt af yfirborðinu í lækinn, m.a. þegar verið er að nota skaðleg efni við þvott á bílum. Verðugt verkefni að endurreisa lækinn. Gott að fá skýrsluna því ýmis áform við Dalveg hafa verið miður góð.

Hákon Gunnarsson bað um orðið. Hann sagði gott að finna andann á fundinum – væntumþykju gagnvart Kópavogi.

Formaður kynnti tillögu að ályktun fundarins – sjá viðhengi 1.

Formaður kynnti skýrslu stjórnar – sjá viðhengi 2. Fundurinn samþykkti skýrsluna.

Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til afgreiðslu af ritara fyrir hönd gjaldkera - sjá viðauka 3. Voru reikningar samþykktir samhljóma. Lagt var til að árgjaldið yrði óbreytt. Var samþykkt einróma að það yrði áfram 2.000 kr.

Hákon Gunnarsson var kosinn sem skoðunarmaður reikninga.

Engar tillögur um lagabreytingar komu fram.

María Játvarðsdóttir gefur ekki kost á sér til að sitja áfram í stjórn VK en ekki kom fram framboð í hennar stað.

Ólafur Björnsson, Fríða Garðarsdóttir, Jóhann Már Sigurbjörnsson og Tryggvi Felixson voru kjörin í stjórn og stjórn fékk heimild til að velja fimmta stjórnarmann.

Opnað var fyrir umræður um tillögu að ályktun rædd.

Helga Jónsdóttir fór stuttlega yfir ályktunartillögur og sagði frá starfshópi sem skipaður var um Salinn. Bæjarstjóri tók sér völd til að skipa fólk í starfshópinn án þess að gætt væri réttinda annarra og lýðræðislegra leiða. Tónlistaskólinn sem á drjúgan hlut í Salnum var ekki hafður með í ráðum heldur valdi bæjarstjóri alla fulltrúa í starfshópinn sjálf. Lista- og menningarráð hefur margbókað í fullri samstöðu meiri- og minnihluta að það beri ábyrgð á málefnum Salarins og menningarstefnu Kópavogsbæjar. Lýsti menningarráðið eftir aðkomu ráðsins að málinu. Við úthlutun á byggingarreitum í Vatnsendahvarfi er ekki gætt laga og stefnu bæjarins um úrræði sem henta öllum félagshópum. Undanfarin 10 ár hefur verið byggt með arðsemissjónarmið uppbyggingaraðila að leiðarljósi en því ekki sinnt að reisa húsnæði fyrir námsmenn og tekjuminni hópa. Kópavogsbær á að vera fyrir alla.

Ályktunin í heild var lögð fyrir fundinn. Hún var samþykkt samhljóma (viðauki 1)

Ekkert var tekið undir liðnum önnur mál.

Formaður sleit fundi kl. 20:04.

Eftir fund var boðið upp á grill og spjall.

NB:

Nöfn fundarmann, sem til náðist, voru skráð á blað sem er varðveitt af ritara félagsins.

Viðauki 1:

Aðalfundur félagsins Vinir Kópavogs ályktar:

Kópavogsdalur er paradís

Fagnar tillögum starfshóps um framtíðarsýn fyrir Kópavogsdal; Kópavogsdalur verði paradís fyrir þá sem vilja njóta samveru og afþreyingar. Þar verði kjörsvæði fyrir heilsubætandi útvist, heilbriggt villt lífríki í byggð og afbragðs íþróttasvæði fyrir fjölmargar íþróttagreinar og ólíka aldurshópa, um leið og þess sé gætt að ganga ekki á þau grænu svæði sem nú eru í dalnum.

Fundurinn hvetur bæjarstjórn til að standa að baki tillögunum og fylgja þeim eftir í skipulagi og með áætlun um framkvæmdir sem samræmast sameiginlegri sýn allra í starfshópnum.

Salurinn er ekki einkamál bæjarstjóra

Fagnar því mikla menningarstarfi sem hefur þróast í menningarhúsunum við Kirkjuholtið og þakkar þeim fjölmörgu listamönnum og starfsmönnum sem lagt hafa hönd á plóg.

Gagnrýnir vinnubrögð bæjarstjóra Kópavogs við skipan starfshóps um málefni Salarins og virðingarleysið sem hún sýnir Tónlistarskóla Kópavogs og lista- og menningarráði með geræðislegum vinnubrögðum.

Hvetur bæjarstjórn til að tryggja víðtæka og lýðræðislega aðkomu nefnda og ráða bæjarfélagsins, félagasamtaka og bæjarbúa að ákvörðunum um framtíðarskipan menningarmála bæjarfélagsins.

Fjölbreyttari búsetuúræði í Kópavogi

Átelur meirihluta bæjarstjórnar fyrir að rækja hvorki hlutverk sitt samkvæmt lögum um húsnæðismál né um almennar íbúðir né heldur fylgja markmiðum í eigin húsnæðisáætlun um að tryggja fjölbreytt framboð húsagerða og búsetukosta fyrir alla félagshópa. Markmiðunum um að ýta undir virkan leigumarkað, byggingu minni, ódýrari og hagkvæmari íbúða og tryggja skilvirk félagsleg úrræði fyrir þá sem þurfa að sækja slíka þjónustu til bæjarins er heldur ekki fylgt eftir. Þróun og skipulagning íbúðauppbyggingar síðasta áratug hefur öll verið í höndum fjárfesta, sem hafa arðsemi framkvæmda að meginmarkmiði. Nú stendur yfir fyrsta úthlutun bæjarins á deiliskipulögðum byggingarlóðum í áratug. Allar lóðir eru seldar hæstbjóðendum. Bætist hátt verð byggingarréttar því ofan á húsnæðisverð, og þörfum leigjenda, námsmanna og félagslegra hópa er ekki sinnt. Uppbygging í Kópavogi á að tryggja fjölbreytta búsetukosti fyrir alla samfélagsþegna - unga sem aldna, fjáða og fátæka og fatlaða sem ófatlaða. Samfélag verður ekki til ef aðeins þeir best settu eiga aðgang að takmörkuðum landgæðum bæjarins.

Andvaraleysi í fjármálum Kópavogs

Gagnrýnir fjármálastjórn meirihluta bæjarstjórnar. Kópavogsbær var rekinn með 750 milljóna króna halla á síðasta ári og tveggja milljarða króna halla árið áður. Undangengin ár hefur rekstur bæjarsjóðs ekki skilað afgangi til framkvæmda og greiðslu lána. Hallarekstur er brúaður með því að slá lán. Útboð skuldabréfa að fjárhæð 4,3 milljarða króna til 31 árs á markaðskjörum gefur ekki færi á uppgreiðslu þótt vaxtakjör og markaðsaðstæður batni vonandi á næstu 30 árum. Með þessu lætur meirihlutinn Kópavogsbúa framtíðarinnar axla ábyrgð á óábyrgum rekstri núverandi meirihluta þegar vextir á lánsfé eru í hæstu hæðum. Fundurinn hvetur bæjaryfirvöld til að vanda vinnubrögð og sýna ráðdeild svo fjárhagur bæjarins standi traustum fótum þegar kynslóðir taka við.

Losum íbúa í Fannborg úr gíslingu skipulagsmistaka

Harmar að ekki hefur tekist að leiðrétta alvarleg skipulagsmistök á Fannborgarreit. Eigendur búa við mikla óvissu og íbúðir eru óseljanlegar nema á útsöluverði. Þetta ástand er afleiðing þess að meirihlutinn hlustaði ekki á vel rökstuddar athugasemdir bæjarbúa þegar deiliskipulagið var til umfjöllunar. Nú hefur verið staðfest að samþykkt skipulag er ekki framkvæmanlegt þar sem ekki er hægt að tryggja aðgengi íbúa að heimilum sínum á framkvæmdatíma. Meirihlutinn ber ábyrgð á að leysa þetta mál og losa íbúa úr „gíslingu“ óframkvæmanlegs deiliskipulags. Taka verður upp viðræður við það fyrirtæki sem bæjarfélagið seldi byggingarréttinn og leita leiða til að finna farsæla leið út úr þessum ógöngum.

Viðauki 3

Skýrsla stjórnar Vina Kópavogs fyrir árið 2023.

*Lögð fram af Ólafi Björssyni formanni félagsins á aðalfundi
30.maí 2024*

Stjórnin hélt 9 bókaða fundi á starfstímabilinu og er það talsverð fækkun frá hinu sögulega 2022 þegar félagið ákvað að demba sér út í bæjarstjórnarkosningar.

Miðað við það var árið 2023 að segja má heldur tíðindalítið en hér verða þó tíunduð helstu mál sem voru á borði stjórnar og félagsins.

Erindi og kærur til yfirvalda

Kvörtun til Umboðsmanns alþingis vegna úrskurðar ÚUA í kæru félagsins vegna miðbæjarskipulags, þar sem félagið krafðist endurupptöku málsins og þess að ÚUA tæki öll kæruefni til efnislegrar umfjöllunar og svaraði með glöggum hætti. Kvörtun til umboðsmanns beindist hinsvegar að galla í stjórnarsýslu ÚUA þar

sem nefndin sendi ekki úrskurð sinn til þess aðila sem bar fram kærana fh. 18 íbúa, og kæranda því ekki ljós afdrif málsins fyrr en 10 mánuðum eftir úrskurðinn, þegar farið var að grennslast fyrir um málið. Það er skemmst frá því að segja að umboðsmaður hafnaði erindinu þar sem of langur tími var liðinn frá úrskurði ÚUA.

Fundir um bæjarmálin

Frá áramótum '22 / '23 hefur stjórn haldið fundi reglulega með bæjarfulltrúum VK og fulltrúum félagsins í nefndum og ráðum í Bókasafni Kópavogs og þar eru þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni rædd. Þessir fundir hafa verið afar upplýsandi og gagnlegir.

Samskipti við bæjarbúa

Samfélagsmiðlar á vegum félagsins eru vannýtt auðlind en það verður að segjast að erfiðlega gengur að fá samfellu og meira líf inn á miðlana enda enginn starfsmaður með þetta beinlínis á sinni könnu. Við höfum síðustu mánuði nánast eingöngu notað miðlana til að vísa á á greinaskrif í öðrum miðlum og boða fundi á vegum félagsins en ekki til virkra skoðanaskipta um málefni bæjarfélagsins eða skipulagðrar upplýsingagjafar.

Félagið hélt ekki opinn félagsfund á árinu 2023 en mun leggja aukna áherslu á slíka fundi í framtíðinni. Þegar hefur verið haldinn einn fundur á þessu ári. Hann var haldinn í húsnæði Siglingaklúbbsins 9. Mars sl. og var fullt hús. Fjallað var um skipulagsmálin, bæði á Arnarlandi og Kársnesi. Blöð bæjarins

fjölluðu um ályktun fundarins. Annar félgsfundur er fyrirhugaður á komandi hausti.

Fjárhagsleg staða félagsins

Fjárhagsleg staða félagsins er góð þar í sjóða félagsins hafa bæði runnið árgjöldin og styrkur bæjarfélagsins. Vísa ég í ársreikning sem lagður er fram á fundinum.

Lokaorð

Góðir félagar, við sjáum ýmis merki þess að starf okkar sé farið að skila árangri innan stjórnarsýslunnar. Vinnubrögð eru heldur að lagast og það hefur hægst á sjálfsafgreiðslu spekulanta í skipulagsmálum, svo dæmi sé tekið. Nýafstaðinn fundur um rammahluta aðalskipulags á Kársnesi vekur vonir um að sjónarmið íbúa verði í auknum mæli haft til hliðsjónar í öllum málaflokkum.

Þrátt fyrir að sums staðar rofi til er enn langt í að stjórnarsýsla Kópavogsbæjar geti talist í lagi. Um það vitna gerræðislegar ákvarðanir liðinna missera og nægir þar að nefna dæmalaus aðför meirihlutans að starfi og starfsfólki Menningarhúsa bæjarins og Héraðsskjalasafni, þar sem til grundvallar voru lagður s.k sýndarúttektir frá endurskoðendum sem greinilega höfðu enga þekkingu á málefnum og skýrslur svo illa unnar að það ætti að vera lögreglumál að greitt hafi verið fyrir þær úr sameiginlegum sjóðum okkar.

Enn er Kópavogsbær ýmist gerður afturreka eða tapar nær öllum

málum sem koma til kasta dómstóla eða eftirlitsstofnana og snúast um stjórnslu bæjarins. Bara í einu máli var reikningurinn upp á tugi miljóna.

Ekkert bólar á lausn á þeirri sjálfheldu sem **skipulag miðbæjar** hefur verið í s.l. 6 ár. Meirihlutinn virðist ekki ráða við verkefnið. Meirihlutinn hafnar ítrekað lýðræðislegri umræðu á vettvangi bæjarstjórnar og framkvæmdastjóri bæjarins hefur ítrekað sýnt að það var full ástæða hjá Vinum Kópavogs á fyrsta fundi nýrrar bæjarstjórnar árið 2022 að leggja til að starf bæjarstjóra í næst stærsta sveitarfélagi landsins væri auglýst laust til umsóknar.

Stjórn vill nota þetta tækifæri til að þakka bæjarfulltrúum okkar fyrir samstarfið og þeirra störf innan bæjarstjórn þar sem þau hafa gengið vasklega fram og haft uppi kröftugan málflutning og vönduð og málefnaleg vinnubrögð. Öllu nefndafólki eru sömuleiðis þökkuð vel unnin störf.

Vinir Kópavogs hafa enn verk að vinna !

Vinir Kópavogs

kt. 691121-0620

**Ársreikningur Vina Kópavogs
1. janúar til 31. desember 2023**

	2023	2022
<i>Rekstrartekjur</i>		
Árgjald, framlög/styrkir einstaklinga	429.656	1.088.000
Styrkir félaga og fyrirtækja		350.000
Stjórnmalaflokkastyrkur Kópavogsbæjar	925.599	462.799
Endurslala á veisluföngum		38.217
Leiðrétting	5.060	
Samtals	1.360.315	1.939.016
<i>Rekstrargjöld</i>		
<i>Kosningabarátta</i>		-1.654.029
<i>Fundir</i>	-104.328	
Bankaþjónusta	-37.882	-2.150
Annað		-30.000
Samtals	-142.210	-1.686.179
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnslið	1.218.105	252.837
<i>Fjármunatekjur- og gjöld</i>		
Fjármunatekjur	22.914	1.301
Fjármunagjöld		-1
Fjármunaskattur	-5.042	-286
Fjármunajöfnuður	17.872	1.014
Rekstrarafkoma eftir fjármangslíð	1.235.977	253.851
Efnahagsreikningur 31.12.2022		
Staðan í upphafi árs	253.851	
Rekstrarafgangur	1.235.977	
Staðan í árslok	1.489.828	253.851